

Nd.

70. Frumvarp

til laga um það, hversu reikna skal landssjóðstekjur þær, er krónum teljast.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Hvar sem lög ætla landssjóði tekjur í krónutali, þá eru það gullkrónur, og skal reikna eftir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Þar sem gengi íslenskrar krónu er nú eigi hærra en hjer um bil 55 aurar móts við gullverð, eða lægra, þá væri það óbætanlegt tjón fyrir landssjóð að taka tekjur sínar í sedlum, enda er víst, að löggjafinn hefir eigi ákveðið tekjurnar með annað en gullkrónur fyrir augum.